

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir Alvarr ehf, kt. 550885-0429 Borun á hitastigulsholum í landi Reykja við Húnavelli.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða framangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með starfsemi starfsleyfishafa skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerða sem gilda um starfsemi fyrirtækisins.
- 1.3 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin færð samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Umhverfi og vöktun

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, setja sér umhverfismarkmið, beita bestu aðgengilegu tækni og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænasta hátt. Nota má umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ISO 14001 eða annað skv. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnanna í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.2 Starfsleyfishafi skal draga úr myndun úrgangs og spilliefna eins og kostur er, samkvæmt ákvæði 5. gr. reglugerðar 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 806/1999 um spilliefni.
- 2.3 Um meðferð og frágang olíu- og gastanka og tengds búnaðar fer sbr. ákvæði 43. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun á landi.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.2 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og skal þess gætt að þau berist ekki í umhverfið skv. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnufyrirtæki og mengunarvarnareftirlit.
- 3.3 Starfsleyfishafi skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra um alla losun s.s. jarðhitavökva, skilju- og/eða þéttivatns á yfirborð og tilgreina tímamörk losunar, magn þess vökva sem losaður er og eftir atvikum, fyrrihugaðar viðmiðunarmörk vegna áhrifa á umhverfi og/eða lífríki samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

4. Eftirlit

- 4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.
**Starfsemin á sér að auki stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002,**